

Nr. 18-208 S 144 Þinganes ÁR 25***Skipverji slasast á fæti***

Skipaskr.nr. 2040
IMO 8812033
Útgerð. Skinney-Þinganes hf.
Smíðaður: Portúgal, 1991, stál.
Stærð: 161,6 brl. 262 bt.
Mesta lengd: 25,96 m Skráð lengd: 25,14 m
Breidd: 7,9 m Dýpt: 6,2 m
Vél: Deutz 735 kW, 1991
Fjöldi skipverja: 10



Þinganes©NN

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 24. maí 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 18. október 2018 var Þinganes ÁR 25 við bryggju í Þorlákshöfn. Veður: SSA 8 m/s.

Skipverji var að fara frá borði niður fastan stiga á síðu skipsins og þegar hann steig niður á bryggjukantinn þá snéri hann sér við og lenti með hægri fótinn ofan í opnum vatnsbrunni á bryggjunni. Við þetta féll hann og slasaðist. Við skoðun kom í ljós að hann var þrúbrotinn.

Við rannsókn kom fram:

- að lokið var ekki á brunninum heldur lá það við hliðina á honum. Ekki var vatnsslanga tengd í brunninn;
- að brunngatið var slétt við bryggjudekkið og engar merkingar voru við vatnsbrunninn sem gáfu til kynna að þarna væri hætta;
- að ekki var hafður landgangur og fram kom að það væri ekki venjan.



Vatnsbrunnurinn opin

Nefndarálit:

Orsök slyssins er að vatnsbrunnur hafði verið skilinn eftir opinn og þ.a.l. hættulegur vegfarendum.

Sérstök ábending:

Nefndin leggur til að hafnaryfirvöld skoði mögulegar öryggisráðstafanir til að forða atvikum sem þessum.